

3) Greiða má allt að $\frac{4}{5}$ hlutum kostnaðar við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna á snjóalögum með tilliti til snjóflóðahættu.

Félagsmálaráðherra ákveður úthlutun úr sjóðnum að fengnum tillögum Almannavarna ríkisins.

12. gr.

Fella skal niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni og tækjum sem flutt eru sérstaklega til landsins til varna gegn ofanflóðum.

13. gr.

Kostnaður vegna ofanflóðanefndar, sbr. 4. gr., greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

um breyting á erfðalögum, nr. 8/1962.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 9. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

Annað hjóna eða bæði geta þó ávallt mælt svo fyrir í erfðaskrá að það þeirra, sem lengur lifir, skuli hafa heimild til að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja hvort sem þeir eru fjárráða eða ófjárráða. Ber skiptaráðanda þá að gefa út leyfi til setu í óskiptu búi til eftirlifandi maka eftir umsókn hans nema ákvæði 8. gr. standi í vegi fyrir því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.